

HLUTVERK NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru að vinna með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Með því að:

- Liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg
- Veita nemendum aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum.
- Aðstoða nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeina þeim við áframhaldandi nám og starf.
- Hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu að kynna nemendum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi.
- Ennfremur að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla eða kvennastörf.
- Kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi.

Ennfremur að:

- Standa vörð um velferð og hagsmuni allra nemenda.
- Veita ráðgjöf um námstækni og skipulögð vinnubrögð.
- Veita persónulega ráðgjöf og stuðning m.a. vegna erfiðra samskipta, kvíða og eineltis.
- Sinna hópráðgjöf og ýmis konar fræðslu og forvarnarstarfi m.a. gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við stjórnendur og kennara.
- Sitja í nemendarverndarráði skólans og öðrum teyllum sem tengjast vinnu námsráðgjafa.

Náms- og starfsráðgjafi er talsmaður allra nemenda og trúnaðarmaður. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra en er undanþeginn þagnarskyldu þegar líf, heilsa og öryggi nemenda er í húfi. Einnig ef nemandi greinir frá lögbroti.